

Fundargerð 91. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 12. júní 2014, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjaneshreppi.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,
Árni Sigfússon,
Fjóla Hrund Björnsdóttir,
Sigrún Árnadóttir, varamaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstmk. framkvæmdastjóri, sem jafnframta ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirritað.

2. *Samningur við Reykjaneshreppi.*

Framkvæmdastjóri kynnti samning við Reykjaneshreppi sem felur í sér yfirtöku Reykjaneshæjar á húsnæðinu sem hýsir Háaleitisskóla á Ásbrú til að tryggja áfram rekstur grunnskóla á Ásbrú. Á móti gerir Rnb. 10 ára áætlun um umhverfisframkvæmdir og endurbætur á Ásbrú. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórnar. Stjórnarformaður lagði samninginn fyrir stjórn og var hann samþykktur. Árni Sigfússon sat hjá við afgreiðslu þessa máls.

3. *Frágangur á fjárhagslegri endurskipulagning Háskólavalla*

Framkvæmdastjóri fór yfir með stjórn lausn vegna frágangs á fjárhagslegri endurskipulagningu Háskólavalla. Jafnframta óskaði framkvæmdastjóri eftir heimild stjórnar til að ganga frá lokafrágangi þessa máls. Stjórnarformaður telur að með undangenginni vinnu sé búið að passa vel upp á hagsmuni félagsins. Stjórn samþykkti að veita framkvæmdastjóra heimild til að ljúka málinu.

4. *Seltún – frágangur samninga við IH*

Stjórn var upplýst um mál Seltúns ehf. af hálfu framkvæmdastjóra og um samninga PK við Iceland Healthcare ehf.

5. *Samstarf við Íslandsstofu*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn vinnu PK í samstarfi við Íslandsstofu í nokkrum verkefnum í að laða að alls kyns tækifæri til Íslands og að Ásbrú. Stjórn taldi samstarfsamninginn áhugaverðan.

6. *Viðræður um kaup á fasteign*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn mikinn nokkurra aðila um kaup á byggingum undir gagnaver. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málín áfram og gefur heimild til að gagna frá málum á þeim nótum sem hér hafa verið um rædd.

7. *Önnur mál.*

Aðalfundur ÞK.

Rætt um næsta aðalfund ÞK. Beðið er eftir ákvörðun frá ráðuneytinu.

Gróðurrækt á Ásbrú.


Stjórnarformaður ásamt stjórn hefur áhuga á gróðurátaki á svæðinu. Lagt til að taka þetta fyrir á næsta fundi.

Ferð um Ásbrú.

Lagt til að kynnisferð fyrir stjórn verði haldin í ágústmánuði.

Engin önnur mál voru rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.45



The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature is a stylized name, likely 'Ólafur Þórðarson'. Below it is a signature that appears to be 'Jón. Þórðarson'. The bottom signature is 'Fjöla Þunud Björnsdóttir'.